

12. Samningur þessi nær ekki til tekna sem aflað er af manni sem búsettur er í sveitarfélagi í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og mörk þess liggja að landamærum Finnlands og Noregs, Finnlands og Svíþjóðar eða Noregs og Svíþjóðar, fyrir vinnu sem innt er af hendi í þess konar sveitarfélagi í einhverju þessara ríkja.
13. Samkomulag þetta öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er bær stjórnvöld í öllum aðildarríkjunum hafa undirritað það, og skal það koma til framkvæmda við afgreiðslu erinda sem borist hafa eftir gildistöku til bærs stjórnvalds í því ríki sem erindi er beint til.

Samkomulag þetta er gert í sex eintökum á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, þar af tveimur á sænsku, öðru fyrir Finnland en hinu fyrir Svíþjóð, og skulu allir textarnir jafngildir.

Stockholm, den 24 juni 1982.

Kurt Malmgren.

København, den 21. juli 1982.

Jens Rosman.

Helsingfors, den 11. august 1982.

Mauno Forsman. Hillel Skurnik.

Reykjavík, 27. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds. Árni Kolbeinsson.

Oslo, den 22. september 1982.

Arne Scheel.

Framangreint birtist hér með öllum hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirtöldum fasteignum ásamt lóðaréttindum:

1. **Hvanneyrarbraut 68b**, að hluta í eign Gísla J. Eliássonar, Margrétar Steingrímsdóttur og Halldóru Matthíasdóttur.
2. **Hvanneyrarbraut 76**, (Hvanneyrabakki), eign Vigfúsar Friðjónssonar.
3. **Hvanneyrarkrókur III**, eign Skeljungs hf.

4. **Ránargata 2** (Kambsreitur), eign Óliuverslunar Íslands hf.
5. **Lóðir, bryggjur og mannvirki Síldarverksmiðja ríkisins** austan Vetrarbrautar.
6. **Fiskverkunarhús Hrímnis hf.** (Pormóðsreitur).
7. **Hús Björgunarsveitarinnar Stráka** (Pormóðsreitur).
8. **Húseignir Skeljungs hf. á Ásgeirsreit.**
9. **Fiskverkunarhús á Hinriksreit**, eign barna O. Henriksen.
10. **Tjarnargata 8**, eign Óskars Garðbaldasonar o. fl.
11. **Tjarnargata 6**, eign Pormóðs Eyjólfssonar.
12. **Hraðfrystihús og aðrar fasteignir Pormóðs ramma hf.** á Halldórsreit, Kveldúlfssreit og Sæbyreit.
13. **Trésmíðaverkstæði Sigurðar Konráðssonar** Hjaltalínsreit.
14. **Hraðfrystihús og aðrar fasteignir Ísafoldar hf.** á Friðleifsreit og Helgareit.
15. **Fasteignir Dags sf.** á Álalækjarreit (við Ólagötu).
16. **Viðgerðarverkstæði Sölva S. Guðnasonar** á Álalækjarreit.
17. **Bátastöð**, eign Páls Gíslasonar, Sveins Björnssonar, Páls Kristjánssonar, Fiskibúðar Siglufjarðar og Dags sf.
18. **Gránugata 25b**, eign Dags sf.
19. **Sunnubakki** (Ólagata 1), eign Hjalta hf. o. fl. og eign Sameignarfélags sauðfjáreigenda.
20. **Ólagata 3**, eign Björns Þórðarsonar og Sverris Björnssonar.
21. **Síldarstöð Njarðar hf.** (Snorrágata 9), eign Páls Pálssonar, Ólafs Guðmundssonar, Péturs Guðmundssonar og Konráðs Konráðssonar.
22. **Síldarstöð Ásgeirs Péturssonar hf.** ásamt fiskimjölsverksmiðju, vélahúsi, lagerhúsi, eign Ásgeirs Péturssonar hf.
23. **Snorrágata 19**, fiskverkunarhús Guðjóns Jónssonar.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 21. október 1982 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að í stað útivistarsvæðis komi bensínstöð við gatnamót Hörgárbrautar og Hlíðarbrautar.

Staðfesting þessi er gerð samkvæmt ákvæðum í 19. gr. laga nr. 19/1964 og tilkynnist hér með öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.